

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Vt. Sigrún Helga Sigjónsdóttir, nefnda- og greiningarsviði

Bifröst, 11. maí 2023

Efni: Umsögn Háskólans á Bifröst um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025. Frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra — 982. mál.

Háskólinn á Bifröst lýsir ánægju með tillögu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar á þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025, 982. mál. Eins og rakið er í greinargerð tillögunnar er að svo mörgu leyti undir stjórnvöldum og stefnumörkun þeirra komið hvort íslenska þekkingarsamfélagið fái risið undir þeim mörgu og brýnu verkefnum sem áskoranir til næstu framtíðar munu fela í sér.

Við getum jafnframt tekið af heilum hug undir meginmarkmið tillögunnar og fyrirhugaðar aðgerðir í þágu vaxtar og viðgangs þekkingarsamfélagsins. Eins og gefur að skilja, þegar viðamikið og margslungið viðfangsefni er annars vegar, er sú mynd sem tillagan ásamt greinargerð bregður upp þó misvel dregin, allt eftir efnissviðum.

Háskólinn á Bifröst hefur starfað sem viðskiptaháskóli frá síðustu aldamótum og sem slíkur hefur háskólinn sérhæft sig í þverfaglegri og samþættri mótun námslína á félagsvísindalegum grunni. Í boði er grunnnám og meistaranám í félagsvísindum, viðskiptagreinum og lögfræði. Í viðskiptafræðum er sem dæmi boðið upp á sjö mismunandi áherslur (fjármálastjórnun, markaðsfræði, ... sjálfbærnistjórnun, verslunarstjórnun, viðskiptagreind, þjónustustjórnun). Í félagsvísindadeild eru námslínur í skapandi greinum og opinberri stjórnsýslu. Í lagadeild er viðskiptalögfræði í boði. Nám við Háskólann á Bifröst er á þann hátt samþætt nám sem í sumum tilvikum getur teygst sig milli deilda og námslína.

Mikil vitund er því, ef svo má segja, innan Háskólans á Bifröst á virðisaukandi gildi félagsvísinda og það kemur því vart á óvart að okkur þyki umhugsunarvert hversu lítið við sögu þetta tiltekna vísindasvið virðist koma, hvort heldur lítið er til sjálfrar tillögunnar eða greinargerðarinnar með henni. Er þessi „fjarvera“ félagsvísindanna ekki hvað síst tilfinnanleg í aðgerðarluta, eða III kafla, tillögunnar.



Tillagan skiptist í heild sinni í þrjá kafla og verður því vikið fyrst að tveimur fyrri köflum áður en vikið verður nánar að þeim þriðja og síðasta.

I. Framtíðarsýn

Almennt séð má segja, að framtíðarsýn tillögunnar mætti vera fyllri þegar litið er til orðalagsins um hugvitið, „hina ótakmörkuðu auðlind“ sem „verði grunnurinn að stærstu útflutningsgreinum þjóðarinnar“. Hugvit er líkt og mannauður takmörkuð auðlind, þó að sú takmörkun sé e.t.v. annars eðlis en þær óendurnýjanlegu takmarkanir sem nýting náttúruauðlinda býr við. Þá má einnig benda á að hugtök á borð við þekkingarsamfélag, útflutningsgreinar, sjálfbærni og þekkingariðnað eru það lauslega skilgreind að sú framtíðarsýn sem sett er hér fram missir að mörgu leyti marks. Sem dæmi má spyrja hvers vegna útflutningur er nefndur sérstaklega. Útflutningsgreinar standa í fæstum tilvikum sterkari fótum en staða á innlandsmarkaði gefur tilefni til, auk þess sem ýmis mikilvæg sóknarfæri eru til staðar í efnahags- og atvinnulífsþróun næstu ára í aukinni samkeppni innanlands. Færi því e.t.v. betur á því að vísa til verðmætasköpunar eða grundvallar atvinnulífs í svo almennt orðaðir framtíðarsýn.

II. Meginmarkmið

Í tölulíð 2.2 er réttilega bent á að bæta verði úr fjármögnun rannsóknarinnviða. Í hlutarins eðli liggur að auka verður samhliða fjármagn til háskólanna, svo að þeir geti nýtt þessa innviðauppbyggingu með fjölgun akademískra starfsmanna og nemenda á framhaldsstigum. Þá þarf einnig að vera ljóst að umrædd uppbygging þarf að ná til fleiri atriða en einungis tækjakosts. Aðgengi að samstarfi, innlendu og alþjóðlegu, gagnagrunnum o.fl. er ekki síður mikilvægur hluti rannsóknarinnviða en búnaður til rannsókna.

Þá þykir einnig rétt að benda sérstaklega á, að notkun STEAM þarf að skilgreina mun betur en gert er í tillögunni. Ljóst verður að vera að „A-ið“ nái einnig til hug- og félagsvísinda. Samhengi náttúru- og raunvísinda og stærðfræði er afar takmarkað þegar hinum fræðilega heimi sleppir. Til að þessi fræðasvið nái samfélagslegri tengingu og geti orðið sá grunnur verðmætasköpunar sem hér er stefnt að, þarf félagsvísindalegt samhengi. Sýnt hefur verið fram á þessar forsendur í rannsóknum sem lúta m.a. að menningu og skapandi greinum. Sem dæmi má nefna fjarskiptatækni sem var orðin fullburðug í byrjun 20. aldar, m.a. í tengslum við heimsstyrjöldina fyrri. Það var þó ekki fyrr en einhverjum með gott félagsvísindalegt innsæi datt í hug að nýta þessa tækni fyrir fréttaflutning og afþreyingu, sem fjarskipti urðu grundvöllur þeirrar atvinnu- og verðmætasköpunar sem síðar varð.

III. Aðgerðir sem styðji markmið í háskóla- og vísindastarfi.

1. Aðgerðir sem styðja markmið í háskóla- og vísindastarfi

Í fyrsta tölulið kaflans þarf að gæta að hug- og félagsvísindagreinum, enda um mikilvægan hluta að ræða af STEAM hugmyndafræðinni, eins og áður segir. Varðandi samstarf háskóla, þá er að mati okkar afar brýnt að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað með það fyrir augum að umsækjendur standi jafnar að vígi en nú er. Eins og framkvæmdinni er nú hátt að virðist rík tilhneiging til þess að aðalumsækjandi fái meirihluta styrkúthlutunar, hverju sinni. Þá er ekki síður mikilvægt að aukið samstarf skili sér sannanlega í fjölbreyttara starfi háskólanna og öflugra háskólastigi, bæði faglega og fræðilega séð, fremur en í sparnaði og samþjöppun á eins konar elítu forsendum. Jafnframt þyrfti að auka vitund um hvernig greiða megi fyrir auknu samstarfi með öðru móti en fjárhagslegum hvata. Flestir háskólar eru sem dæmi með Uglu sem innri vef, en í stað þess að auðvelda samstarf þeirra á milli, tala „Uglur“ háskólanna ekki saman, sem getur svo aftur hindrað samstarf þeirra á milli.

Háskólinn á Bifröst hefur ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við núverandi reiknilíkan, m.a. til háskólaráðuneytisins. Við erum því eindregnir talsmenn þess að líkanið verði endurskoðað, en vanda verður til verka. Þykir okkur sem dæmi afar mikilvægt að kjarnastarfsemi háskóla verði tekið með í reikninginn. Þá býr Háskólinn á Bifröst við þá sérstöðu að vera eini fjarkennsluháskóli landsins. Slík sérhæfing er mikilvæg viðbót innan menntakerfisins, sem stuðlar að auknum sveigjanleika vinnumarkaðarins og bættu nýtingu mannauðs. Þá bendir flest til þess að kolefnisfótspor fjarkennsluskóla sé að mörgu leyti minna en staðkennsluháskóla, ekki hvað síst ef litið er til alþjóðavettvangs háskóla og alþjóðlegs samstarfs. Uppbygging núverandi reiknilíkans er hins vegar fjarkennslu verulega í óhag. Má reyndar taka það djúpt í árinna að líkanið beinlínis refsir fjarkennsluháskólum með skertum fjárframlögum. Þá er ónefndur sá aukni jöfnuður sem fjarkennsluháskólar stuðla að, s.s. eftir búsetu og atvinnuþátttöku. Við slíkt verður ekki og má ekki una m.t.t. þess mikilvæga hlutverks sem fjarkennsluháskólar gegna; hlutverk sem allar rannsóknir benda til að muni fara vaxandi á næstu árum og áratugum.

Í jafnréttismálum kynjanna er Háskólinn á Bifröst afar meðvitaður um minnkandi hlut karla á undanförunum árum og er með námsleiðir í mótun sem höfðað geta sérstaklega til karlkyns nemenda. Við styðjum því eindregið að farið verði í sértækar aðgerðir til að auka hlut karla og hverjum jafnframt til þess að háskólar og stjórnvöld taki höndum saman um að leita lausna á þessu brýna verkefni. Þá sýna kannanir að piltar láta það hafa áhrif á námsval hjá sér hvort þeim þyki námið áhugavert, bæði að inntakið og að námsaðferðir viðhaldi áhuganum. Við hvetjum því eindregið til þess að gerð verði marktæk rannsókn á því hvað það er sem vekur áhuga karla á háskólanámi; hvað geri það að verkum að háskólagráða komi þeim ekki fyrir sjónir sem verðmæt fjárfesting í sama mæli og hjá konum.



Síðast en ekki síst er að okkar mati brýnt að jöfnunarhlutverk Menntasjóðs námsmanna, nr. 60/2020 verði skoðað sérstaklega. Margt gæti bent til þess að þessu mikilvæga hlutverki hafi farið hrakandi á undanförunum áratugum innan lánakerfis námsmanna, með þeim afleiðingum að jaðarsettir hópar á borð við einstæðar mæður og fólk með veikan félagslegan bakgrunn, eigi í raun síður kost á háskólanámi.

2. Aðgerðir sem styðji við markmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði.

Háskólinn á Bifröst tekur undir þau markmið að grípa til aðgerða sem styðji við sett markmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði. Sú markmiðssetning rímar enda vel við þær námsáherslur sem háskólinn leggur í félagsvísindum, m.a. með námi í skapandi greinum og menningarstjórnunum. Sérstaklega er tekið undir markmið tillögunnar um skilvirkara stuðningsumhverfi nýsköpunar. Vert er í þessu sambandi að geta þess að verið er um þessar mundir að setja á fót rannsóknarsetur í skapandi greinum við Háskólann á Bifröst, sem þjónar sama markmiði

Hvað stöðu alþjóðlegra sérfræðinga hér á landi varðar, tókum við undir mikilvægi þess að liðkað verði fyrir því, að alþjóðir sérfræðingar geti hindrunarlaust sinnt rannsóknum og kennslu hér á landi.

Þá er ekki síður brýnt að hugvit verði virkjað betur en nú er í þágu loftslagsmála, sjálfbærni og matvælaframleiðslu. Háskólinn á Bifröst er einn af stofnendum Gleipnis ses., nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi, en því er ætlað stórt hlutverk á þessu sviði.

Háskólinn á Bifröst hvetur til þess að stuðlað verði með virkum hætti að alþjóðasamstarfi í þágu rannsókna, nýsköpunar og stafrænna málefna og leggur áherslu á jöfn tækifæri stofnana og rannsakenda í þessum efnunum.

Virðingarfyllst,

Margrét Njarðvík Jónsdóttir,
Rektor Háskólans á Bifröst